



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**37. fundur eigendafundar Strætó bs.
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 5. september 2022
og hófst hann kl. 11:15.**

Fundinn sátu:

Alexandra Briem, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Kristín María Thoroddsen, Lovísa Jónsdóttir, Magnús Örn Guðmundsson, Jóhannes Rúnarsson, Almar Guðmundsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Orri Vignir Hlökkversson, Andri Steinn Hilmarsson, Páll Björgvin Guðmundsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun byggðasamlaga 2023-2027 - 2108006

Forsendur og fyrstu drög að fjárhagsáætlun Strætó bs.
Magnús Örn Guðmundsson formaður stjórnar Strætó bs. tekur til máls um fjárbörf Strætó bs. en Covid-19, og síðar hækkandi olíuverð og verðbólga hafa haft áhrif á rekstur og afkomu Strætó bs.
Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs. kynnir fjárhagstöðu Strætó bs., áætlaða fjárbörf samkvæmt fyrirbyggjandi samantekt KPMG, útkomuspá ársins, horfur um sjóðsstreymi og þau hagræðingarúrræði sem nýtt hafa verið.

Niðurstaða:

*Áfram verði unnið að gerð fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins fyrir árið 2023 og leitað lausna á þeirri fjárhagsstöðu sem liggur fyrir.
Er fjármálastjórum sveitarfélaganna ásamt framkvæmdastjóra Strætó bs. falið að fara yfir málið og leggja fram tillögur að nálgun í því efni.
Verður umræðunni haldið áfram á næsta eigendafundi sem boðaður verður fljótlega.*

Þá er formönnum stjórnar SSH og Strætó bs. ásamt framkvæmdastjórum SSH og Strætó bs. falið að hafa frumkvæði að samtali við ríkið, en hluta þess tapreksturs sem nú liggur fyrir má rekja til minni tekna Strætó bs vegna Covid-19.

2. Skipun í stjórn Strætó bs. - 2206009

Fyrirliggjandi er afgreiðsla borgarstjórnar Reykjavíkur frá fundi dags. 21. júní 2022 á tillögu borgarfulltrúa Sósíalístafllokks Íslands um breytta samsetningu stjórnar Strætó bs., en óbreyttar stofnsamþykktir Strætó bs. gera ekki ráð fyrir slíkri skipan.

Niðurstaða:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Núgildandi stofnsamþykktir Strætó bs. gera ekki ráð fyrir því að samsetning stjórnar sé með þeim hætti sem tillagan kveður á um, Strætó bs. er þó falið að stuðla að frekara notendasamráði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.